

1864.

20. febrúar.

fyrir störf, sem ekki fylgja með embættinu, en það eru útlegg-
ingar á réttargjörningum, eins og tekið er fram bæði í ástæð-
unum fyrir frumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi, til
laga um laun handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, og í
bréfi stjórnarráðsins til yðar, herra stiptamtmaður, sem konungs-
fulltrúa á alþingi, dags. 9. júním. f. á., smbr. konungsráðsúrskurð
12. aprílm. 1834, þá verður eptir þeim ákvörðunum, sem um
það efni gilda, ekki reiknuð viðbót eptir kornverði af fê þessu,
og skal stjórnarráðið geta þess, að ef ekki ætti að skoða borgun
þessa eins og þóknun, heldur sem part af embættislaunum hlut-
aðeiganda, þá væri hún burt fallin eptir að fengizt hefir með
lögum 19. janúar 1863 launaviðbót sú, sem embættismönnum á
Íslandi var ætluð eptir ofangreindu frumvarpi.

13. Opið bréf, er kunngjörir á Íslandi, að Kristján konungur hinn Níundi sè kominn til ríkis.

23. febrúar.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., gjörum kunn-
ugt: Hin mikla sorg, sem föðurlandið hefir orðið fyrir og svo
snögglega bar að höndum, þarsem hinn Almáttugi hefir kallað
Friðrik konung hinn Sjöunda til feðra sinna, hefir ekki
getað orðið neinum sárari en Oss, því enginn af þegnum hans
átti honum meira að þakka en Vér, er hann hafði kvatt til
ríkisstjórnar eptir sinn dag.

Nú er Vér göngum að þeirri hinni alvarlegu köllun, sem
forsjónin hefir Oss á herðar lagt, er það fastur ásetningur Vor
að halda órjúfanlega stjórnarskipunarlög ríkisins og að sýna
öllum þegnum Vorum sama réttlæti og sömu velvild. Ef þjóðin,
með trausti á Vorum einlægum vilja, styrkir viðleitni Vora,
mun Guð einnig veita henni blessun sína.

Það er vilji Vor, að öllum stjórnarstörfum sè viðstöðulaust
áfram haldið, og að embættismenn þeir, er hinn framlíðni kon-
ungur, fyrirrennari Vor, hafði skipað í embætti eður staðfest
embættaveitingar þeirra, gegni fyrst um sinn embættisverkum
sínum eptir embættiseiði þeim, er þeir hafa unnið.